

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1533
komudagur 25. 4. 2005



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS


Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 19. apríl 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla.

Verði frumvarpið að lögum taka þau við af lögum nr. 123 frá 1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, en frá því að þau lög tóku gildi hafa átt sér stað verulegar breytingar í þessu viðskiptaumhverfi sem efnislega hefur verið tekið á í þessu frumvarpi. Að mati Vélstjórafélags Íslands eru þær breytingar sem felast í frumvarpinu frá gildandi lögum eðlilegar m.v. það viðskiptaumhverfi sem fiskmarkaðir starfa við í dag. Vélstjórafélag Íslands hefur ekki fram að færa athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands,



Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!